



Öldungaráð Húnabyggðar Fundargerð

Fundur haldinn þann 14.9.2026, 13:00 – 14:03. Staðsetning fundar: Húnabraut 5.

Fundarstjóri: Ásdís Ýr Arnardóttir aðalmaður
Ritari: Ásdís Ýr Arnardóttir
Fundinn sátu: Marta Karen Vilbergsdóttir aðalmaður
Magnús Rúnar Sigurðsson aðalmaður
Ásgerður Pálsdóttir aðalmaður
Valdimar Guðmannsson aðalmaður

Magnús Rúnar, aldursforseti kjörinna fulltrúa stýrði fundi undir fyrsta lið.

Björn Magnússon hafði boðað forföll.

1. M26-09-603 - Kjör formanns og varaformanns öldungaráðs Húnabyggðar

Gengið var til kjörs formanns og varaformanns öldungaráðs Húnabyggðar fyrir kjörtímabilið.

Magnús Rúnar Sigurðsson lagði fram tillögu þess efnis að Ásdís Ýr Arnardóttir verði kjörin formaður ráðsins og að varaformaður sé úr hópi félags eldri borgara. Lagt til að Björn Magnússon verði kjörinn varaformaður. Þær tillögur samþykktar.

2. M26-09-604 - Erindisbréf Öldungaráðs

Erindisbréf öldungaráðs Húnabyggðar lagt fram og kynnt.

Farið var yfir hlutverk ráðsins, verkefni þess og starfsramma samkvæmt erindisbréfi.

Erindisbréf lagt fram til kynningar. Athugasemdir við 2. og 6. gr. erindisbréfsins. Samþykkt samhljóða og vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.

3. M26-09-605 - Áherslur öldungaráðs kjörtímabilið 2026-2030

Rætt um helstu áherslur öldungaráðs á kjörtímabilinu og þau málefni sem ráðið telur mikilvægt að fylgja sérstaklega eftir.

Meðal málefna sem rædd voru og samþykkt er að séu áherslur öldungaráðs á kjörtímabilinu.

- 1. Möguleikar á dagdvöl/dagþjónustu fyrir eldra fólk, m.a. í samstarfi Húnabyggðar og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, minnisblað lagt fram um stöðu málsins frá sjónarhóli öldungaráðs.*
- 2. Upplýsingagjöf til eldri borgara m.a. með bréfi sem sent yrði til íbúa og kynnt sú þjónusta til íbúa og/eða eftir atvikum í reglulegum heimsóknum í félagsstarf aldraðra þar sem þjónustan sé kynnt í samstarfi við HSN. Á fundinum kom m.a. fram nauðsyn þess að einfalda umsóknir vegna þjónustu fyrir eldri borgara.*
- 3. Staða Hnítbjargar, miklar endurbætur hafa átt sér stað síðustu árin og kjallarinn staðið tómur undanfarin ár. Félag eldri borgara sem og félagsstarf eldri borgara hafa ítrekað verið á hrakhólum undanfarin ár. Ráðið leggur áherslu á húsnæðinu verði komið í það horf að starfsemi verði í húsinu sem nýtist eldra fólki á svæðinu, sem og íbúum Hnítbjarga og Flúðabakka.*
- 4. Göngustíga og leiðir um sveitarfélagið þarf að laga með tilliti til aðgengis m.a. um kvenfélagsgarðinn og frá HSN meðfram Blöndu, undir brúna og upp á Blöndubrú. Nú er staðan þannig að ekki er hægt að fara með fólki sem á erfitt með gangi þá leið.*

Öldungaráð Húnabyggðar leggur áherslu á að uppbygging dagdvalar fyrir eldra fólk í samstarfi Húnabyggðar og Heilbrigðisstofnunar Norðurlands verði forgangsverkefni á kjörtímabilinu. Ráðið óskar eftir að sveitarstjóri, í samráði við félagsmálastjóra og HSN, leggi fyrir ráðið í desember 2026 stöðu málsins ásamt mati á þjónustubörf, fyrirhuguðu húsnæði, mönnun, verkaskiptingu og kostnaði út frá meðfylgjandi minnisblaði. Jafnframt verði lögð fram tillaga að tímasettri framkvæmdaáætlun sem nýta megir við gerð fjárhagsáætlunar 2027. Sérstaklega verði hugað að akstri þannig að íbúar í dreifbýli geti nýtt þjónustuna. Málið verði tekið aftur á dagskrá öldungaráðs í desember 2026.

Formaður kynnir áherslur ráðsins fyrir byggðaráð, sveitarstjórn og velferðarnefnd.

4. M26-09-606 - Önnur mál öldungaráðs

Stefnt að næsta fundi mánudaginn 30. nóvember 2026 kl. 13:00.

Fundi slitið 14:03.